

Viðauki I við samning milli ábyrgðaraðila persónuupplýsinga og vinnsluaðila persónuupplýsinga

1. gr.

Grunnskóli Snæfellsbæjar, kt. 510694-2449, hér nefndur ábyrgðaraðili og Infomentor ehf, 450912-1900, hér nefndur vinnsluaðili, gerðu þann 7.mars 2018 með sér samning um vinnslu persónuupplýsinga nemenda í grunnskólanum.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn.

2. gr.

Efni viðaukans

Viðauki þessi kveður í fyrsta lagi á um áætlun um úrbætur á þeim þáttum sem vinnsluaðili þarf að bæta í samræmi við niðurstöður úttektar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 1. nóvember 2017, á vinnsluaðila til samræmis við áskilnað í 13. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, sjá nánar í gr. 3 viðauka þessa. Í öðru lagi kveður viðaukinn á um áætlun um úrbætur á þeim þáttum sem ábyrgðaraðila ber að bæta, sjá 4. gr. viðauka þessa.

3. gr.

Áætlun um úrbætur vinnsluaðila

Í samræmi við niðurstöður úttektar Odds Hafsteinssonar á vinnsluaðila, dags. 1. nóvember 2017, skal vinnsluaðili bæta úr þeim þáttum sem bæta þarf innan 12 mánaða frá undirritun vinnslusamningsins og viðauka þessa ella áskilur ábyrgðaraðili sér rétt til að neyta úrræða vegna vanefnda sem kveðið er á um í 13. gr. vinnslusamnings aðila og lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936:

a) Vinnsluaðili skal vinna eftir formlegu ferli við framkvæmd áhættumats. Þar skal meðal annars koma fram skilgreining á hvað teljist ásættanleg áhætta. Vinnsluaðili skal framkvæma áhættumat samkvæmt því verklagi að lágmarki einu sinni á ári þar sem sú þjónusta sem vinnsluaðili veitir ábyrgðaraðila skal vera innan umfangs. Áhættumatið sjálft skal vera samþykkt formlega af æðstu stjórnendum vinnsluaðila á rekjanlegan hátt. Í framhaldi af áhættumati skal vinnsluaðili gera skjalfesta áætlun um innleiðingu öryggisráðstafana fyrir þá áhættuþætti sem eru umfram ásættanlega áhættu. Ábyrgðaraðilum skal úthlutað ábyrgð á öryggisráðstöfunum og skráðar skulu dagsetningar fyrir áætlun lok innleiðinga á úrbótum. Áætluninni skal fylgt eftir af æðstu stjórnendum vinnsluaðila. Ábyrgðaraðili má óska eftir upplýsingum úr áhættumati og áætlun um öryggisráðstafanir, bæði fyrir þá þætti er snúa beint að ábyrgðaraðila sem og þá þætti er snúa óbeint að ábyrgðaraðila (t.d. tengdum innviðum